

**Sp.**

## **61. Tillaga til þingsályktunar**

um raforkuveitu til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast gagnvart Reykjavíkurkaupstað, ef hann tekur að sér að koma upp raforkuveitu til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, til þess að veita þangað háspenntri raforku frá Sogsvirkjuninni og að starfrækja veituna til bráðabirgða, að þeim, sem síðar kynni að hljóta rétt til orkuflutnings á þessu svæði, verði gert skylt, er hann hefir öðlazi réttinn, að taka við línunni ásamt tilheyrandi mannvirkjum og endurgreiða Reykjavíkurkaupstað útlagðan kostnað, að frátalinni eðlilegri fyrningu, enda sé þá Reykjavíkurkaupstað skylt að afhenda þeim aðilja línuna. Á sama hátt sé ríkissjóði heimilt að taka við línunni og Reykjavíkurkaupstað skylt að láta hana af hendi, ef ríkisstjórnin óskar þess.

Takist ekki samningar við Reykjavíkurbæ um framkvæmd verksins, er ríkisstjórninni heimilt að leggja línuna og starfrækja hana.

Til þessara framkvæmda heimilast ríkisstjórninni að taka lán, innanlands eða erlendis, eða ábyrgjast lán, sem tekið kann að verða í þessu skyni.

### **Greinargerð.**

Á undanförunum árum hafa, eins og kunnugt er, farið fram rannsóknir og undirbúningur að raforkuveitum út frá Sogsvirkjuninni til flutnings og dreifingar orku hennar um suðvesturhluta landsins. Ein af raforkuveitum þessum, nfl. Hafnarfjarðarlínan, er þegar gerð og tekin í notkun.

Öllum nauðsynlegum verkfræðilegum undirbúningi að annari aðalveitunni út frá Sogsvirkjuninni, línu um Selfoss til Eyrarbakka og Stokkseyrar, er nú talið að fullu lokið, þannig að gera megi veituna á þessu ári.

Eftir áætlunum, sem rafmagnseftirlit ríkisins hefir gert um veituna, er ætlað, að stofnkostnaður aðalveitunnar til kauptúnanna þriggja muni, með því verðlagi, sem nú er á efni og vinnu, verða 310000 krónur, en kringum 70000 króna kostnaður að auki vegna spennistöðva og lína heim að þeim býlum til sveita, sem ráðgert er, að fái orku úr veitunni. Árlegar greiðslur til vaxta, afborgana, viðhalds og gæzlu eru áætlaðar um 42000 krónur, en gjald til Sogsvirkjunarinnar fyrir orku fer eftir því, hversu mikil verður orkunotkun.

Íbúar kauptúnanna austan fjalls greiða nú árlega um 73000 krónur fyrir kol, olíu og annað eldsneyti, en auk þess um 25000 krónur fyrir rafmagn, sem nú er framleitt í olíumótorstöðvum. Raforkan frá Sogi getur komið í stað þessarar eyðslu að  $\frac{2}{3}$  hlutum, eða rúmlega það, eða sem svarar 65—70 þús. krónum á ári, en af þeirri upphæð er allt að helmingur erlendur gjaldeyrir. Getur því af veitu þessari orðið töluverður sparnaður á erlendum gjaldeyri til eldsneytiskaupa o. fl., enda er ljós þörf þess að veita orku Sogsvirkjunarinnar sem fyrst um þau héruð, sem talið er hagkvæmt, að fái orku þaðan, svo afl virkjunarinnar verði að fullu hagnýtt.

Raforkuveitunnar frá Sogi til kauptúnanna austan fjalls og þeirra sveita, sem veitan getur náð til, er nú orðin hin brýnasta þörf. Rafstöðvar þær, sem þar eru fyrir, eru orðnar með öllu ófullnægjandi, og yrði óhjákvæmilegt að kosta til endurnýjunar og aukningar þeirra, og gætu þær þó eigi látið í té raforku til annars en ljósa, svo neinu nemi, en eins og að framan greinir, geta á þessu svæði orðið not mikillar raforku. Engum getum þykir þurfa að leiða að því, að veita, er flytur næga raforku um þéttbyggðasta hluta sýslunnar, muni skapa skilyrði til annara nýrra og margháttaðra verklegra framkvæmda, skapa ný og aukin lífsskilyrði í sýslunni og draga úr flutningi fólks þaðan.

Gera má ráð fyrir, að Alþingi muni ákveða með lögum, hvert fyrirkomulag skuli

verða á framkvæmdum um raforkuveitur út frá Sogi og aðrar slíkar veitur. En meðan það er ekki orðið og dráttur verður á því, að Alþingi gangi frá slíkum lögum, þá má framkvæma ekki stærra mannvirki en þetta er á þann hátt, er hér er lagt til, þ. e. að hafa um framkvæmd þessa aðrahvora þá tilhögun, sem Alþingi lagði til, að yrði höfð við hina fyrstu veitu frá Sogsvirkjuninni, Hafnarfjarðarlinuna, sem nú er fullgerð og tekin í notkun, eins og áður er getið.

Áskoranir hafa okkur borizt frá 327 alþingiskjösendum í Sandvíkur-, Stokkseyr- ar- og Eyrarbakkaheppi, um að við gerum allt, sem unnt er, máli þessu til framgangs.